



Leiðbeiningar

Fyrir fararstjóra í ferðum Litlanefndar

Litlanefndin og Ferðaklúbburinn 4x4 þakka fyrir framlag í farastjórn í ferðum á þeirra vegum. Þátttaka góðra fararstjóra gerir þessar ferðir meira virði, öruggari og skemmtilegri. Með góðum fararstjórum er hægt að taka betur á móti nýliðum í okkar ferðum.

Til að tryggja faglega og góða framkvæmd í ferðum höfum við sett upp leiðbeiningar um hlutverk fararstjóra. Þeim er ætlað að vera leiðbeinandi um starfsumhverfi fararstjóra.

Fyrir ferð

- Fara yfir þessar leiðbeiningar
- Tryggja að eigin bíll sé í eins góðu standi og mögulegt er
- Mæta á kynningarkvöldið – ef hægt er

Í upphafi ferðar á Select

- Gefa sig fram við aðalfararstjóra/skráningaraðila og fá lista yfir hóp og merkingar í bíla.
 - Skoða alla bíla í sínum hópi og meta ástand þeirra
 - fara yfir loftinntak
 - fara yfir dráttarkrók eða -lykkju, bæði að framan og aftan
 - fara yfir hjólbarða
 - prófa hvort pílur séu í lagi
 - meta almennt ástand bíls
- Ef fararstjóri metur að bíll sé ekki hæfur í ferð, skal hann bera slíkt undir aðalfararstjóra og er endanleg ákvörðun um þáttöku viðkomandi bíls í ferðinni í höndum aðalfararstjóra
- Fara yfir fjarskipti þátttakenda – eru allir komnir með vhf
 - Útnefna einn ákveðinn aðila sem eftirfara
 - Allir fararstjórar verða að vera í fararstjóravestum

Í ferð

- Alltaf skal halda allan hópinn og muna að láta þátttakandur vita af þessu í upphafi ferðar !
- Passa röðina, fararstjóri fyrstur, eftirfari síðastur – halda fjarskiptum þar á milli
- Ef næsti hópur á undan er í vandræðum, halda þá áfram með sinn hóp ef hægt er

Í ferðalok

- Taka saman allar lánstalstöðvar hópsins
- Skila talstöðvum og fararstjóravesti til aðalfararstjóra